


Laxhof

Óveruleg deiliskipulagsbreyting



GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR Í MKV. 1:1000

GREINARGERÐ

Deiliskipulag fyrir Laxhof (landnr. 228596) í Vestur-Landeyjum í Rangárþingi eystra var staðfest 12. 12. 2019.

Gerð er óveruleg breyting á uppdrætti og greinargerð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

FORSENDUR

Í þessari deiliskipulagsbreytingu gildir ákvæði gildandi skipulags, fyrir utan að byggingarreit er skipt í tvennt og byggingarmagni er breytt úr 150 m² yfir í 400 m².

Byggingarmagn er í samræmi við byggingarheimildir í aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 þar sem heimilt er að byggja allt að 3 hús á 1 ha lóð og byggingarmagn ekki yfir 400 m².

SKILMÁLAR

Í kafla **2.2 Byggingar** í gildandi deiliskipulagi segir:

Heimilt er að byggja allt að 100 m² íbúðarhús og allt að 50 m² gestahús. Íbúðarhús getur verið með bílskúr.

Breyting texta:

Heimilt er að byggja allt að 220 m² íbúðarhús með bílskúr, 130 m² hesthús og 50 m² gestahús.

Heildarbyggingarmagn er þá 400 m².

Texta bætt við í greinargerð í eftirfarandi kafla:

ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Skilgreindir eru tveir byggingarreitir á deiliskipulagsuppdrætti.

Byggingar standa innan þeirra.

B1 - innan byggingarreits er fyrir 50 m² gestahús.



BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR Í MKV. 1:1000

B2 - innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 220 m² íbúðarhús með bílskúr og 130 m² hesthús.

Heildarbyggingarmagn lóðar er 400 m².

Breyting á uppdrætti:

Aðkoma að lóðinni er breytt til samræmis við núverandi staðsetningu, ásamt breytingum á byggingarreitum.

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru talin óveruleg þar sem skilmálar eru um að leitast skuli við að fella byggingar sem best að umhverfinu. Uppbygging sem breytingin heimil mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið í sveitarfélaginu og styrkja byggð í dreifbýli.


SAMPYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi er skv. 2. mgr. 43. Skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra þann _____

f.h. Rangárþings eystra

Deiliskipulagsbreytingin öðlaðist gildi í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRÁ 2020-2032

SKÝRINGAR BREYTTS SKIPULAGS

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Skiplagtt svæði
- Lóð
- Byggingareitir húsa
- Núverandi byggingar
- △△△ Bílastæði til skýringar
- Gróður til skýringar
- Hestagerði leiðb. staðs.
- Byggingar leiðb. staðs.
- Hreinsivirki leiðb. staðs.

SKÝRINGAR GILDANDI SKIPULAGS

- Byggingarreitir
- Hreinsivirki
- Vegir
- Ný hús, möguleg staðsetning
- Landamerki þjóskrár
- Skipulagssvæði

Kortagrunnur: Skipulagsuppdráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins.

Landeignamörk: HMS



Laxhof
Rangárþing eystra
Óveruleg deiliskipulagsbreyting

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
101789	A2	MS	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:1000	22.02.2023	---	

SAMPYKKT: **TILLAGA**